

Fatan hans Bigga

Biggi á afmæli og hann hefur beðið foreldra sína að gefa sér fötu í afmælisgjöf. Fatan er svolítið sérstök því þar er neðansjárheimur sem Biggi getur séð. Þegar pabbi Bigga fær fötuna hans lánaða í leyfisleysi, og ætlar að þvo bílinn sinn með henni, kemur hvalur upp úr fötunni og verður strandaglöpur á götunni. Í sögunni er kallað á hjálparsveit til að koma hvalnum aftur í fötuna. Hjá okkur hins vegar förum við inn í söguna og reynum að hjálpa hvalnum.

Aldur:	Yngsta stig
Áherslur í námskrá:	Íslenska, talað mál og hlustun og myndmennt
Kennsluaðferðir:	Paravinna, talandi hlutir, kennari í hlutverki, umræður, frásögn, kyrrmyndir
Leikmunir:	Mynd af hval (sjá myndabanka)

Kennari í hlutverki:

Bekkurinn situr í hring. Kennarinn kemur inn í hlutverki Bigga. Hann segir þeim frá því hver hann er og að hann eigi bráðum afmæli og verði þá 6 ára. Biggi vill bara fötu í afmælisgjöf. Pabbi hans og mamma vilja frekar gefa honum eitthvað annað.

Nú eruð þið öll foreldrar Bigga og eigið að reyna að fá mig til að velja eitthvað annað í afmælisgjöf.



Til dæmis gætir þú sagt: “Viltu ekki hjól, hjólið þitt er orðið svo gamalt eða viltu ekki hvolp þá verður þú aldrei einmana eða viltu ekki nýja íþróttaskó?”

Sögumaður:

Bekkurinn stendur í hring; les textann og læðir hugmyndum og tillögum barnanna inn í söguna.

Frásögn:

Nei, Biggi vildi bara fá fötu þannig að foreldrar Bigga fóru með hann í Fötusárus þar sem voru hundrað tegundir af fötum. Það voru gúmmí-fötur, plast-fötur, járn-fötur, garð-fötur, sveita-fötur, sjó-fötur, vatna-fötur og meiri að segja voru þarna fótbolta-fötur. Ertu búinn að ákveða hvernig fötu þú vilt, Biggi? Spurðu mamma hans og pabbi. Nei, en ég veit það þegar ég sé hana.

Getið þið lokað augunum, staðið svona gleitt og ímyndað ykkur að þið séuð fata. Hvert og eitt ykkar ímyndið ykkur að þið séuð fallegust föturnar í búðinni. Enn með lokuð augu.

Kennari:

Þér finnst þú vera besta fatan í búðinni. Úr hverju heldur þú að þú sért? Ertu úr plasti eða járn? Hvernig ertu á litinn? Hvernig ætli sé að halda á þér? Úr hverju er handfangið? Ertu þung fata eða létt? Eru myndir á þér? Hvernig ætli sé að koma við þig? Af hverju ert þú besta fatan? Hvað mundir þú segja við þann sem vill endilega kaupa þig?

Paravinna:

Nemendur vinna tveir og tveir saman (snúa sér að næsta manni) og eru áfram fötur; ykkur finnst þið ennþá bestar. Nú reynið þið að fá hina fötuna til að



samþykkja að þið séuð besta fatan. Það má aðeins tala, ekki koma við hina. Kennari gengur á milli og hlustar gaumgæfilega.

Talandi hlutir:

Nemendur eru áfram í hlutverki sem fötur. Kennari kemur inn í hlutverki Bigga. Föturnar eiga að reyna að fá Bigga til að kaupa sig en Biggi er að leita að sérstakri fötu.

Frásögn:

Biggi heldur áfram að leita að fötunni sinni. Loksins stoppar hann og segir: „Þarna er fatan mín. Þessi gula fallega þarna uppi í röð 19, þessi sem er númer 78 frá vinstri“.

Sögumaður:

Bekkurinn situr á gólfinu. Nemendur bjóða sig fram í að vera foreldrar Bigga. Biggi er búinn að sjá fötuna sem hann langar í en hún er lengst uppi.

Spuni:

Mamman og pabbinn eiga að reyna að fá afgreiðslumanninn til að klifra upp og ná í fötuna.

Kennari í hlutverki:

Kennari í hlutverki afgreiðslumanns. Reynir að bjóða Bigga aðra fötu eða segir að hann verði að bíða eftir verslunarstjóranum; það megi enginn fara upp stigann nema hann og sá er í mat, eða þú (sem afgreiðslumaður) ert lofthræddur o.s.frv.



Hér getur kennarinn einnig hoppað út úr hlutverkinu og gefið sig á tal við áhorfendur og sagt þeim að hann sé lofthræddur en hafi logið því í starfsmannaviðtalinu að hann væri ekki lofthræddur, það má alls ekki komast upp. Hjálpið mér? Finna leið til að ná fötunni niður.

Sögumaður:

Bekkurinn situr áfram í hring á gólfinu. (Kennari í hlutverki sem Biggi). Loksins fær Biggi fötuna sem hann óskaði sér. Hann sest niður og kíkti í fötuna. Kennari sýnir með látbragði þegar hann kíkir ofan í. Þá sagði Biggi: Vá!

Kennarinn fer úr hlutverki og segir: „Niðri í fötunni hans Bigga var hákarl með beittar tennur.“ Kennari og börn láta síðan fötuna ganga og hvert barn segir: „Í fötunni hans Bigga var“

Ef ekki er búið að minnast á hafmeyju í fötunni þá gerir kennari það núna.

Kennari í hlutverki:

Kennari kemur inn sem hafmeyja og vælir. Börnin spyrja: „Af hverju ertu að gráta? Getum við hjálpað þér?“

Hafmeyjan: Ég er í litlum helli, ég er í felum fyrir eineltisfisknum. Ég er hrædd við hann. Hann eltir mig og kallar mig ljótum nöfnum, ég hleyp í burtu og ríf sporðinn minn á steini. Systur mínar syntu í allar áttir og nú er ég alein og þori ekki út úr hellinum aftur og heim til sjávarkonungsins, pabba míns.

Táknræn athöfn:

Allir sitja enn í hringnum. Eigum við að fara inn í fötuna og hjálpa hafmeyjunni? Til þess að það sé hægt þarf að gera þrjá hluti til að komast inn á öruggan hátt. Ég er bara búin að gleyma hvaða hlutir þetta voru? Getið þið hjálpað mér? (Fá hugmyndir frá nemendunum) Loka augunum og gera þessa hluti saman.

Í fötunni:

Eru allir hér? Dásamlegt. Ekki fara neitt fyrr en ég segi. Horfið í kringum ykkur, hvað sjáið þið? (nemendur koma með tillögur).

Hægt er að fara með félaganum og ganga um. Þegar kennari klappar koma allir til baka. Segið frá því hvað þið sáuð? Gátuð þið hjálpað hafmeyjunni?

Hvernig?

Hvernig komumst við til baka? Hvað áttum við að gera?

Kennari í hlutverki:

Kennarinn (sem Biggi) fer með finu fötuna í rúmið um kvöldið. Þið geymið fötuna; ekki láta neinn fá hana lánaða. Þið verðið að passa fötuna fyrir mig. Mamma og pabbi mega alls ekki fá hana lánaða.

Frásögn:

Mamman kemur inn og segir: „*Biggi minn, má ég fá fötuna lánaða til að vökva blómin?*“

Biggi: „*Nei mamma það má engin fá fötuna mína lánaða. Enginn, er það skilið!*“

Pabbi: „*Má ég ekki fá hana til að þvo bílinn?*“

Biggi: „*Nei, það má enginn fá fötuna mína lánaða. Enginn.*“

Pabbi: (*læðist að fötunni og segir:*). „*Er ekki í lagi að fá hana lánaða? Biggi*



veit ekki að ég fékk hana lánaða, þetta er allt í lagi. Ég borgaði fyrir fötuna, ég hlýt að geta fengið hana lánað augnablik.

Biggi myndi lána mér hana; ég myndi lána honum mína...

Nú var klukkan orðin margt og allir orðnir þreyttir; og loksins sofnuðu allir, má ég sjá.... (allir fara að sofa).

Kennari (sem Biggi) vekur börnin:

„Ó, nei, Pabbi hefur tekið fötuna mína án þess að spyrja mig. Hann hefur ætlað að þvo bílinn sinn. Hvað haldið þið að hafi gerst? Nú hefur stór hvalur sloppið úr fötunni og er á miðjum veginum. Ó, guð minn góður! Hvernig er umhorfs á götunni núna?“ **Sýna mynd af hvalnum á götunni:** (í myndabanka)

Kyrrmyndir/spuni:

Nemendur mega skoða myndina og ákveða sitt hlutverk. Þegar nemandinn er búinn að ákveða það lætur hann hina vita. (Dæmi: Ég er maðurinn í stiganum.). Þegar kennari klappar þá lifna allir við.

Hvalurinn var á miðri götunni og reyndi að anda. Bílarnir flautuðu, börn grétu, hundar geltu og allir voru mjög hissa.

Fréttamaður:

Fréttamaður kemur í heimsókn (kennarinn), fær fréttir hjá þeim sem eru á götunni, Bigga, pabba Bigga, bílstjóra, **maðurinn í stiganum o.s.frv.**

Spuni:

Skipta bekknum í fjóra hópa. Hver hópur á að leysa vandamálið með hvalinn. Þiðúið til smá leikþátt um það hvernig hægt sé að leysa vandamálið. Hvað er hægt að gera við hvalinn?



Hvernig kemst hann aftur í fötuna? Nemendur sýna hvert öðru.

Ýmislegt:

Hægt er að tengja ferlið öllum námsgreinum:

Landafræði:

Búa til kort af sjávarbotni.

Íslenska:

Boðskort í afmæli Bigga, frétt í blað, bréf til vinar um hvalaslysið, miða til að setja á fötuna o.s.frv.

Stærðfræði:

Telja stigatröppurnar . Selja og kaupa í búðinni, fá til baka. Búa til hvalinn í nokkrum hlutföllum.

Myndlist:

Mála eigin myndir í bók. Búa til fötu úr pappa. Teikna inn í hana allt sem er á hafsbotni og eitt leyndarmál. Ekki segja neinum frá leyndarmálinu. (sjá mynd að neðan)

Líffræði:

Fötur eru búnar til úr plasti, járni, gúmmí. Hvaða fata endist þá lengst? Sjávarlífverur.

Nýjasta tækni og vísindi:

Búa til fötu. Þarf að halda vatni.